

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 21.2.2022
UST202201-066/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Bringur frístundabyggð í landi Drumboddsstaða í Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 7. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð Bringur í landi Drumboddsstaða.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir 12 ha frístundabyggð fyrir 22 lóðir, en búið er að byggja á 14 lóðum. Auk þess kemur fram að innan hveirrar lóðar er heimilt að byggja eitt frístundahús, eitt aukahús og geymslu, þar sem hámarksstærð aukahúss er 40 m², en samanlagt nýtingarhlutfall er 0,03.

Birki

Í greinargerð kemur fram að skv. aðalskipulagsupprætti nær hverfisvernd vegna birkikjarrs aðeins inn á austurhluta reitsins, en um það segir í aðalskipulagi á bls. 56: „*Innan náttúrulegra birkiskóga er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir eins og birki, víði og reyni. Þó er heimilt að grísa náttúrulegan skóg og gera göngustíga um hann.*“ Afmörkun hverfisverndar í aðalskipulagi er skv. kortlagningu Skógræktarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar er skógurinn skilgreindur sem fullvaxta, 60% krónuþekja og stærð reitsins er 10,6 ha.

Í greinargerð kemur fram að ekki er heimilt að spilla eða raska landi og núverandi birkikjarri, fyrir utan það sem eðlilegt getur talist við byggingu húsa og lagningu vega. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að byggingarreitir séu afmarkaðir með tilliti til staðsetningar birkis og að raski sé haldið í algjöru lágmarki við göngustígagerð.

Umhverfisstofnun bendir á að það kemur ekki fram í greinargerð hvort að birkiskógurinn falli undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en í svörum sveitarfélagsins kemur fram að það telji að skógurinn falli ekki undir ákvæði laganna. Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og því er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að sveitarfélagið óski eftir mati Skógræktarinnar á því hvort skógurinn falli undir ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna. Á það sérstaklega við ef seinna kemur í ljós að skógurinn fellur undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga að mati Skógræktarinnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur